

Nr. 3.
2. marz.

Bráðabirgðalög

um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæzlu á íslenzkum skipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að það hefur verið borið upp fyrir Oss, að svo mikill hörgull sje nú á vjelstjórum, sem fullnægi ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæzlu á íslenzkum gufuskípum, frá 11. júlí 1911, að til vandræða horfi fyrir hinn íslenska botnvörpuútveg, en hinsvegar sje í landinu vól á vel hæfum mönnum til að vera vjelstjórar, þótt þeir fullnægi ekki að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum lögum, teljum Vjer það brýna nauðsyn til að afstýra yfirvofandi hættu, sem af þessu stafar fyrir tjeðan atvinnuveg, sem nú er orðinn mjög þýðingarmikill fyrir landið, að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að taka fyrir vjelstjóra menn, sem til þess teljast hæfir, þótt þeir fullnægi ekki að öllu skilyrðum frammannefndra laga.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Meðan vöntun er á íslenzkum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæzlu á íslenzkum gufuskípum, frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenzkum gufuskípum, um þann tíma er bráðabirgðalög þessi eru í gildi, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. marz 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.